

Mál nr. 330/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A

Skráningarnúmer ökutækja A og B

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttengið 18. október 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 27. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 21. júlí 2020 þegar bifreiðinni A var ekið á bifreiðina B sem M ók. Fram kemur að M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á bráðamóttöku vegna stífleika og verkja í hnakka og í vinstri öxl með leiðni niður í finger og hafi hún verið greind með tognun. Í framhaldinu hafi M leitað reglulega til læknis og sjúkraþjálfara vegna slyssins. M bendir á að matsgerð liggi fyrir sem er dags. 22. mars 2022 og að matsmenn hafi talið að orsakatengsl væru milli slyssins og áverka M. M hafi verið metin með 8 stig miska. M telur að PC-Crash skýrsla hafi ekki gildi þar sem þar sem rannsóknin sé einhliða framkvæmd af V án þess að M hafi gefist kostur á að koma sjónarmiðun eða athugasemdum á framfæri.

V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að áreksturinn hafi verið mjög vægur og hafi ekki verið líklegur til að valda M heilsutjóni og vísaði til PC-Crash skýrslu þar að lútandi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 21. júlí 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði matsgerðar sem er mjög ítarleg og lýsir ástandi M. Matsmenn telja að orsakatengsl séu á milli slyssins og einkenna M í háls- og lendhrygg. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitsgerð, sem draga niðurstöður matsgerðarinnar í efa. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir tjóni þar sem matsgerðin styður það að M hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir